

Á mánudaginn 5. febrúar ætlar Menntamiðja að hleypa af stað nýju verkefni sem er ætlað að vekja athygli á áhugaverðu og framsæknu skólastarfi í íslenskum skólum og stuðla að því að kennarar deili og nýti þá miklu reynslu og þekkingu sem býr í íslensku skólasamfélagi.

Verkefnið fer fram á samfélagsmiðlinum Twitter undir notandanafninu @Menntamidja og er þannig að í hverri viku fær einn skóli aðgang að aðgangi @Menntamidju og notar hann til að tísta myndum og frásögnum af áhugaverðu og framsæknu skólastarfi á sínum heimaslóðum. Fyrstur skóla verður Hólabrekkuskóli en þar hefur margt áhugavert verið í vinnslu með uppbyggingu Snillismiðju og þróun kennsluhátta í tengslum við það.

Áhugasamir geta fylgst með með því að fylgja notandanum @Menntamidja á Twitter. Einnig er hægt að fylgjast með tístum á vef

Menntamiðju: <http://menntamidja.is/menntamidja-skyggst-inn-i-skolastarf/>

Þeir sem hafa áhuga á að tísta frá sínum skólum í framtíðinni geta haft samband við verkefnisstjóra Menntamiðju, Tryggva Thayer (tbt@hi.is).

Tíst hvers skóla verða flokkuð og hýst undir „Skólasögum“ hér á vef Menntamiðju.

Deildu þessu með vinum:

[Facebook](#)

[Reddit](#)

[Twitter](#)

[Google](#)

[Pinterest](#)

